

Aukakirkjuþing 2021

2. mál - þskj. 2

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 932/2020, sbr. starfsrgl. nr. 316/2021.

(Lagt fyrir aukakirkjuþing 2021).

Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir eftirfarandi breytingar á starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

1. gr.

3. gr. starfsreglnanna fellur brott.

2. gr.

5. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Greiðslur vegna 1. og 2. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.

Biskup Íslands getur falið próföstum að staðfesta akstursbækur presta.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. í nýjum þjóðkirkjulögum, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

Greinargerð.

Prestafélag Íslands og starfskostnaðarnefnd kirkjuþings hafa náð samkomulagi um fyrirkomulag hluta starfskostnaðar starfandi presta þjóðkirkjunnar varðandi akstur og síma, sbr. minnisblað frá 27. maí 2021, og telst minnisblaðið vera hluti af kjarasamningi Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Sátt er um að starfskostnaði sé til framtíðar best fyrir komið innan kjarasamnings en ekki í starfsreglum kirkjuþings og eðlilegt sé að þeir liðir sem samið er um núna falli úr starfsreglum um starfskostnað presta og prófaste.

Endurskoðun annarra liða sem nú falla undir Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa nr. 932/2020, með síðari breytingu, verði unnin á samningstíma kjarasamnings Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu í samstarfi starfskostnaðarnefndar og Prestafélags Íslands.

Með vísan til þessa eru nú lagðar til ofangreindar starfsreglubreytingar til að uppfylla ákvæði kjarasamningsins.

Forseti kirkjuþings mun leita samþykkis þingsins til þess að geta birt þessar starfsreglur, með númeri laganna eftir birtingu þeirra í A-deild Stjórnartíðinda á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar, í Kirkjuþingstíðindum sem munu taka við að birta, m.a. starfsreglur kirkjuþings, sem um langa hríð hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda.